

Fjallabyggð



FÉLAGSMIÐSTÖÐIN NEON

Markmið – reglur og starfsemi 2017-2018

Markmið

- Starfsemi Neon tekur mið af æskulýðslögum nr. 70 frá 2007 en tilgangur þeirra er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Með æskulýðsstarfi er átt við skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum.

Markmið

- Neon vinnur að uppbyggilegu uppeldis-, fræðslu- forvarnar- og frístundastarfi og í nánú sambandi við alla þá aðila er koma að málefnum barna og unglunga með það að markmiði að sameiginlega náist sem bestur árangur. Unnið skal markvisst að uppbyggingu fjölbreyttrar starfsemi og vera hvetjandi til enn frekara starfs og reyna eins og kostur er að samræma störf félaga er sinna málefnum barna og unglunga.

Markmið

- Neon vinnur markvisst með unglíngalýðræði. Markmiðið er að þjálfu unglínga í að taka sjálfstæðar ákvarðanir byggðar á þeirra eigin skoðunum og eigin forsendum. Unglíngalýðræði er gott tæki til að sinna vitsmunaproska, tilfinninga- og félagsþroska unglínganna og styrkja sjálfsmynd þeirra. Unglíngarnir verða einnig að taka lýðræðislegar ákvarðanir þar sem þeirra eigin áhugi er ekki endilega hafður að leiðarljósi. Félagsmiðstöðin er fyrst og fremst staður fyrir unglínga og því mikilvægt að þeir taki þátt í stjórnun hennar.

Nemendaráð

- Nemendaráð skipa unglingar sem hafa áhuga á því að koma að skipulagningu starfsins í félagsmiðstöðinni en nemendaráð er skipað í upphafi haustannar ár hvert.
- **Hlutverk nemendaráðs:**
 - að skipuleggja dagskrá í NEON í samstarfi við starfsmenn.
 - skila vöktum á opnu húsi.
 - hafa frumkvæði að dagskráviðburðum.
 - unglingar í nemendaráði eru fyrirmyndir annarra unglinga og mega t.d. hvorki nota tóbak, áfengi eða önnur vímuefni þ.m.t. rafrettur.
- Nemendaráð er málsvari unglinganna og það afl sem sér um skipulagningu og framkvæmd starfseminnar. Mikilvægt er að virkja unglinganna til ábyrgðar og miða starfsemina af þörfum þeirra og löngunum.

Nemendaráð - hlutverk

■ Hlutverk nemendaráðs er:

- *að halda uppi öflugu félagslífi í unglingsdeild með aðstoð starfsmanns skólans (umsjónarmanns) og starfsmanna félagsmiðstöðvar sveitarfélagsins.*
- *að skipuleggja t.a.m þemadaga á skólatíma og böll og annað slíkt í félagsmiðstöðinni.*
- *að fjalla um mál er varða hagsmuni nemenda. Nemendur geta lagt fyrir ráðið hugmyndir sínar um nýjungar eða breytingar í félagslífi þeirra.*
- *að sitja einnig fundi með stjórnendum eins og þurfa þykir og ræða ýmis mál sem snerta hagsmuni og velferð nemenda.*

Reglur

- Unglingar eru velkomnir í félagsmiðstöðina Neon samkvæmt dagskrá hverju sinni, ef eftirfarandi reglum er fylgt.
 - *Gestum Neon ber að koma fram af þrúðmennsku og háttvísi. Þeir ásamt starfsfólki skulu koma fram af fyllstu kurteisi hverjir við aðra.*
 - *Unglingar sýni góða umgengni og forðist óþarfa hávaða. Þeir fari vel með þau tæki og húsgögn sem eru á staðnum og nýti sér þær ruslafötur sem eru staðsettar víðs vegar um húsnæðið. Sá unglingur sem verður valdur að einhverjum skemmdum á tækjum, tólum og eða húsgögnum félagsmiðstöðvarinnar greiðir fyrir skemmdirnar.*

Reglur

- Neysla áfengis og/eða vímuefna þ.m.t. notkun rafretta er óheimil í/og við Neon. Verði unglíngur staðinn að, eða leiki grunur á neyslu eða meðferð slíkra efna, er kallað umsvifalaust á forráðamann og/eða aðra er málið varðar og unglíngurinn sóttur. Ef grunur reynist réttur missir unglíngurinn um leið rétt til að stunda skemmtanir á vegum Neon um ákveðinn tíma.
- Tóbaksnotkun (og rafrettur) er bönnuð í og við Neon. Reynist unglíngur vera með slíkt í fórum sínum skal það gert upptæk og því eytt. Skal upplýsa forráðamann um slíkt. Ef ítrekuð brot eru framin hefur starfsmaður leyfi til að vísa setja unglíng í bann um stundasakir.

Reglur

- Orkudrykkir sem innihalda mikið magn koffíns, dæmi: Burn, Magic og Monster eru ekki leyfilegir í Neon. Ath þetta eru einungis dæmi, fleiri orkudrykkir falla undir þessa reglu. Powerade og Gatorade innihalda ekki koffín.



Reglur

- Það er skylda að fara úr skóm í anddyri og utanyfirfatnaður skal hengdur í fatahengi. Engin ábyrgð er tekin á fatnaði og öðrum eigum þeirra sem sækja félagsmiðstöðina.
- Starfsmaður hefur leyfi til að vísa unglingum út ef um óæskilega hegðun er að ræða.
- Öllum ágreiningi sem upp kann að koma í málum þeim sem reglurnar taka til skal vísa til deildarstjóra fræðslu-, frístunda- og menningarmála sem er yfirmaður Neon.

Hlutverk formanns Nemendaráðs

- Vera leiðtogi
- Vera fyrirmynd
- Sýna frumkvæði
- Halda utan um ráðið
- Vera jákvæður

Starfsmenn Neon 2017-2018

- Umsjónarmaður: Daníela Jóhannsdóttir
- Aðrir starfsmenn:
 - *Alma Svanhild Róbertsdóttir*
 - *Markús Rómeó Björnsson*
 - *Patrekur Þórarinsson*

Starfsemi Neon 2017-2018

- Tvö kvöld í viku
 - *Miðvikudagar: Vallarhúsið í Ólafsfirði*
 - Rúta fer frá skólanum við Norðurgötu kl. 19.30
 - *Föstudagar: Lækjargata Siglufirði*
 - Rúta fer frá Vallarhúsinu Ólafsfirði kl. 19.30

- Starfið byrjar á föstudaginn á Siglufirði.